

Um helgina

Kontra-kvartettinn í Norræna húsinu

Mánudaginn 19. janúar kl. 20:30 heldur Kontra-kvartettinn frá Danmörku tónleika í Norræna húsinu. Á efnisskrá eru strok-kvartettar eftir Mozart (G-dúr, KV. 387), Carl Nielsen (g-moll, op. 13) og Dvorák (Bandaríski kvartettinn).

Kontra-kvartettinn var stofnaður 1973 af fiðluleikaranum Anton Kontra, sem fæddur er í Ungverjalandi, en verið hefur konsertmeistari Sinfóníuhljóm-sveitar Sjálands frá 1965. Anton Kontra starfar einnig sem einleikari og hafa ýmis norræn tónskáld samið verk fyrir hann; nú síðast samdi Vagn Holmboe fiðlu-

konsert fyrir hann.

Aðrir meðlimir í Kontra-kvartettinum starfa með Dönsku útvarpshljómsveitinni og Sinfóníuhljómsveit Sjálands. Kvartettinn hefur lagt mikla áherslu á flutning austur-evrópskrar tónlistar (Dvorák, Bartok, Tjajkovskij) og nýrri norrænnar tónlistar auk hinnar sigildu efnisskrár.

Kontra-kvartettinn heldur tvö tónleika í Norræna húsinu, en aðeins fyrri tónleikarnir eru opnir fyrir almenning.

Miðar verða seldir í kaffistofu Norræna hússins og við innganginn.

Ralf Gothoni í heim-sókn



Finnski pianóleikarinn Ralf Gothoni.

Hinn þekkti finnski pianóleikari Ralf Gothoni heldur tónleika í Norræna húsinu n.k. þriðjudagskvöld kl. 20.30. Leikur hann þar m.a. sönötu eftir landa sinn Einojuhani Rautavaara, „Myndir á sýningu“ eftir Músorgski og svítu eftir Leos Janacek.

Ralf Gothoni hefur komið hingað til lands nokkrum sinnum áður m.a. kom hann fram ásamt finnska barintónsöngvaranum Jorma Hynninen á Norrænu menningarvikunni hausti 1979. Hann er fæddur árið 1946 og stundaði tónlistarnám í Helsinki, Þýskalandi og Sviss. Undanfarin 3 ár hefur hann verið listrænn stjórnandi tónlistarháttarinnar í

Savonlinna. Hann starfar sem prófessor í pianóleik við tónlistarskólann í München.

Gothoni er þekktur einleikari og hefur ferðast og haldið tónleika víða um lönd, en einnig hefur hann getið sér góðan orðstir sem undirleikari, m.a. hjá landa sínum óperusöngvaranum Martti Talvela.

Miðar á tónleikana verða seldir í kaffistofu Norræna hússins og við innganginn.

Einar Olgeirsson gestur Rauðsokka

Einar Olgeirsson verður gestur í morgunkaffi Rauðsokkahreyfingarinnar í dag kl. 12. Það þarf ekki að segja lesendum Þjóðviljans hver Einar er, en til síðustu afreka hans má nefna bókina um Ísland undir áhrifum heims-

valdastefnunnar sem út kom fyrir jólin.

Það eru þó ekki heimsmálin sem Einar ætlar að ræða heldur mæðraveldið. Þeir sem kynnt hafa sér sögu mannkynsins hafa að öllum líkindum rekist á þær kenningar að eitt sinn hafi konur ráðið ríkjum í hinu svokallaða mæðraveldi. Friedrich Engels fjallaði um fyrirbærið í bók sinni Uppruni fjölskyldunnar, einkaeignarinnar og ríkisins m.a. með tilliti til þess að konur ættu að öðlast jafnan rétt á við karlmenn. Síðan hefur margt verið ritað og rætt um mæðraveldið með og á móti Engels. Morgunkaffið er í Sokkholti, Skólavörðustíg 12 og hefst kl. 12 á hádegis.

—k4

Námskeið í klippingu kvikmynda

Kl. 14 í dag hefst í Alftanýrarskóla námskeið í klippingu kvikmynda á vegum Samtaka áhugamanna um kvikmyndagerð (SAK)

Aðalleiðbeinandi verður Þorsteinn Jónsson kvikmyndastjóri. Tæki og filmur verða á staðnum fyrir þá sem vilja spreyta sig á mjófilmu (8mm). Þátttöku má tilkynna í síma 31164 eða 40056.

Finnskar og norskar nútímabókmenntir


Kai Laitinen prófessor við háskólann í Helsinki flytur opinberan fyrirlestur um finnskar nútímabókmenntir í boði heimspækiðeldarinnar Háskóla Íslands miðvikudaginn 21. janúar 1981 kl. 17:15 í stofu 422 í Arnagarði.

Fyrirlesturinn nefnist: „Frán skogen til staden“ og verður fluttur á sænsku.

Þá flytur Leif Mæhle prófessor við háskólann í Osló opinberan fyrirlestur um norska nútímabókmenntir í boði heimspækiðeldarinnar fimmtudaginn 22. janúar n.k. kl. 20:30 í stofu 422 í Arnagarði.

Fyrirlesturinn nefnist: „Oppblomstring eller litterær inflation? Glimt fra nyare norsk lyrikk“ og verður fluttur á norsku.

Öllum er heimill aðgangur.



Ein af teikningum Carls Fredriks Hills.

Fjórar sýningar á Kjarvalsstöðum

Fjórar sýningar verða opnaðar á Kjarvalsstöðum í dag, laugardag, hver annarri áhugaverðari einsog fram kom í frétt Þjóðviljans í gær.

Mikill fengur hlýtur að teljast að fá hingað sýningu á verkum sænska málarans Carls Fredriks Hill, mjög sérstæðs listamanns, sem haldinn var kleyf-hugasýki síðari hluta ævi sinnar, og hafa myndir hans frá því tímabili verið rannsóknarefni sálkennuða og listfræðinga.

Tvær sýningar koma frá Hollandi, Grafik frá landi Mondrians, með 36 myndum nútímalistamanna, og skartgripasýning með munum eftir 19 listamenn.

unnum úr ýmsu efni svosem áli, silfri, kopar og plasti.

Loks sýnir hópurinn Vetrarmynd í þriðja sinn saman, en hann hefur áður verið í Norræna húsinu. Verk hópsins nú eru 91 talsins, frá síðustu tveim árum, bæði olíumyndir, skulptúr, kritaarmyndir, teikningar og vefnaður auk mynda með blandaðri tækni.

Í hópnum Vetrarmynd eru þau Baltasar, Bragi Hannesson, Einar Þorláksson, Haukur Dór, Hringur Jóhannesson, Leifur Breiðfjörð, Magnús Tómasson, Niels Hafstein, Sigríður Jóhannsdóttir, Sigurður Orlygsson og Þór Vigfússon.

Kalda-lóns-tónleikar í Grindavík


Í tilefni þess, að hundrað ár eru nú liðin frá fæðingu Sigvalda Kaldalóns tónskálds stendur Bókasafn Grindavíkur fyrir Kalda-lónstónleikum í Félagsheimilinu á laugardaginn nk. kl. 14.

Garðar Cortes, Ólöf Harðardóttir, Sólveig Björling, og Halldór Vilhelmsson flytja lög eftir Sigvalda Kaldalóns. Einnig koma fram Barnakór Grindavíkur undir stjórn Eyjólf Ólafssonar og blandaður kór undir stjórn Sigvalda S. Kaldalóns.

Sigvaldi Kaldalóns tónskáld fæddist í Reykjavík 13. janúar 1881. Hann lauk lækisprófi árið 1908 og hélt utan til framhaldsnáms í Kaupmannahöfn sama ár. Árið 1910 er honum veitt Nauteyralæknishérad við Ísafjarðardjúp og sat hann að Armúla, skammt frá Kaldalóni, sem hann kennið sig síðar við. Hann var héraðslæknir í Flateyralæknishéraði um tíma en var veitt héraðslæknisstaða í Keflavíkurlæknishéraði með setu í Grindavík árið 1929 og sat hann fram til ársins 1945. Kaldalóns andaðist árið 1946.

Kaldalóns hefur löngum verið kallaður Schubert Íslands. Hann samdi margar af fallegustu söngperlum, sem við eigum s.s. Ave Maria, Erla góða Erla, Fjallið eina, svo dæmi séu tekin.

Ný gerð japanskra verðmerkivéla
Léttar — Sterkar — Fljótvirkar
ÓTRÚLEGA HAGSTÆTT VERÐ



Shinsei

2ja ára ábyrgð

Við höfum margar gerðir verðmerkivéla — en mælum sérstaklega með HALLO 1-Y — því að við teljum hana þá bestu af þeim vélum sem við höfum reynt

PLASTPOKAR 8 26 55 **Plastos hf** FETI FRAMAR PLASTPOKAR 8 26 55

PLASTPOKAVERKSMÍÐJA ODDS SIGURÐSSONAR, BÍLDSHÖFÐA 10 REYKJAVÍK
BYGGINGAPLAST * PLASTPRENTUN * MERKIMÍÐAR OG VÉLAR